

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík



Reykjavík, 27. mars 2017

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um orkuskipti, 146. mál

Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) vísa til erindis atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 3. mars sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um tillögu til þingsályktunar um orkuskipti, 146. mál. Í fyrirliggjandi tillögu til þingsályktunar er lögð fram markviss aðgerðaáætlun um orkuskipti til næstu ára og er gert ráð fyrir að áætlunin verði endurskoðuð á fimm ára fresti og uppfærð eftir því sem ástæða er til á hverjum tíma. SAF taka undir mikilvægi þess að taka málefni orkuskipta til skoðunar og mörkuð verði til lengri tíma opinber stefna um þann málaflokk. Innan SAF eru starfandi aðildarfyrirtæki sem slík stefnumörkun mun óneitanlega hafa áhrif á og því telja samtökin mikilvægt að vandað verði til verka og gætt að samráði við hagsmunaaðila við þá vinnu, þ.m.t. SAF, að því gefnu að fyrirliggjandi tillaga hljóti brautargengi Alþingis. Í ljósi þessa vilja SAF því koma á framfæri eftirfarandi ábendingum hvað varðar umrædda tillögu.

Fyrir það fyrsta telja SAF mikilvægt við alla stefnumótun hvað varðar orkuskipti verði áætlanir og grundvallaðar á raunhæfum markmiðum á þá vegu að markmiðssetning verði ekki íþyngjandi fyrir hagsmunaaðila umfram það sem nauðsyn er hverju sinni. Í því samhengi verður að taka tillit til m.a. getu innviða til að þjónusta aðila og kröfur þannig í samræmi við annars vegar núverandi þolmörk innviða og hins vegar að slík markmið þróist áfram samhliða uppbyggingu innviða í samgöngum, s.s. uppbyggingu á hleðslustöðvum og annarri þjónustu endurnýjanlegs eldsneytis. Þá verður að gæta að því að opinberar kröfur eða áætlanir um orkuskipti feli ekki í sér fjárhagslega íþyngjandi kvaðir gagnvart hagsmunaaðilum til að mæta þeim markmiðum. Þannig þarf að huga að því að endurnýjun á t.d. bílaflota hópbifreiða eða bílaleiga verði ekki hraðað umfram eðlilegu viðhaldi og endurnýjun og að kröfur til þessara aðila verði ekki til þess fallnar að knýja á um slíka endurnýjun umfram það sem nauðsynlegt er í slíkum rekstri.

SAF telja verulega mikilvægt að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífs við alla stefnumörkun á þessu og að fylgt verði að sama skapi þróun í nágrannalöndum okkar að teknu tilliti til þeirrar sérstöðu sem við höfum hvað varðar notkun endurnýjanlegra orkugjafa. Samtökin telja einnig mikilvægt að ríkið styðji við þróun í orkuskiptum og markaðslausnir á því sviði með almennum aðgerðum en hafi ekki afskipti sem geta leitt til óhagkvæmni eða verri aðkomu almennings og fyrirtækja.

Að öðru leyti gera SAF ekki frekari athugasemdir við fyrirliggjandi tillögu að þingsályktun. SAF áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Lárus M. K. Ólafsson
Lögfræðingur SAF